

7. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 10. október 2018 klukkan 8:30.

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Ágústa Guðmundsdóttir, Brynja J. Jónasdóttir, Eydís Hrönn Tómasdóttir sem varamaður Elínar Grétarsdóttur, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Ásta B. Ólafsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundar. Samþykkt hafði verið í tölvupósti breyting á dagskrá fundarins frá boðun hans, að inn komi nýr liður nr. 10. Gengið var til dagskrár fundar.

1. Fundargerðir til samþykktar:

- 1.1. 162. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 18-84. fundur og 18-85. fundur.

Mál nr. 34; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18-84 – 1808001F.
Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 8. ágúst 2018 lagðar fram til kynningar.

Mál nr. 35; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18-85 – 1808004F.
Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 29. ágúst 2018 lagðar fram til kynningar.

- 1.2. 163. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 18–86. fundur.

Mál nr. 1; Lækjartún L165306: Íbúðarhús, skemma og gróðurhús:
Deiliskipulagsbreyting – 1806056.

Lögð fram, að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillaga að breytingu á gildandi deiliskipulagi í landi Lækjartúns landnr. 165306 í Ásahreppi. Breytingin felur í sér að bætt er við nýrri 3,44 ha lóð þar sem heimilt verður að byggja allt að 300m² íbúðarhús, allt að 300m² skemmu, allt að 500m² gróðurhúsi og allt að 100m² gesthúsi. Breytingin er í samræmi við gildandi aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir tillöguna samhljóða og mælist til að hún verði send Skipulagsstofnun til afgreiðslu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 2; Sjónarhóll L198871: Aukið byggingarmagn og byggingarreitum breytt:
Deiliskipulagsbreyting – 1806043.

Lögð fram, að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillaga að breytingu á gildandi deiliskipulagi í landi Sjónarhóls í Ásahreppi. Felur tillagan í sér að land Sjónarhóls er stækkað úr 2,8 ha í 5,0 ha auk þess sem byggingarreitur fyrir skemmu B1, er stækkaður til norðurs og aukið við leyfilegt byggingarmagn á reitnum um 800m². Þá er aukið við byggingarmagn um 100m² á byggingarreit B2 sem er reitur íbúðarhúss. Engar athugasemdir bárust. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir tillöguna samhljóða og mælist til að hún verði send Skipulagsstofnun til afgreiðslu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 35; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18-86 – 1809002F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. september 2018 lagðar fram til kynningar.

EHF
A h.
Ker

2. Fundargerðir til kynningar:

- 2.1. 2. fundur Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps kjörtímabilið 2018-2022.
- 2.2. 1. fundur stjórnar Lundar kjörtímabilið 2018-2022.
Hreppsnefnd Ásahrepps ítrekar að Ásahreppur hefur lokið uppgjöri við nýbyggingu Lundar, sbr. bókun hreppsnefndar á 48. fundi, 16. ágúst 2017.
- 2.3. 2. fundur Odda bs. kjörtímabilið 2018-2022.
- 2.4. 59. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.
- 2.5. 190. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands ásamt dagskrá aðalfundar 2018.
- 2.6. 269. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
- 2.7. 536. fundur stjórnar SASS.
- 2.8. 863. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

3. Þingmál til umsagnar:

- 3.1. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjáforeldrum. (Þingmál 25)
Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 28. september 2018, ásamt frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum foreldrum.
Hreppsnefnd Ásahrepps hefur engar athugasemdir við framlagt frumvarp að svo komnu máli.
- 3.2. Tillaga til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda. (Þingmál 19)
Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 26. september 2018, ásamt tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda.
Hreppsnefnd Ásahrepps hefur engar athugasemdir við framlagða tillögu til þingsályktunar að svo komnu máli.

4. Fyrstu drög að fjárhagsáætlun Ásahrepps 2019-2022.

Lögð fram fyrstu drög að fjárhagsáætlun Ásahrepps 2019 – 2022. Þar sem ekki liggja fyrir fjárhagsáætlanir hinna ýmsu samstarfsverkefna á þessum tímapunkti er ljóst að mikið af grunnforsendum vantar. Þessi fyrstu drög að fjárhagsáætlun eru lögð fram til þess að átta sig á umfangi verkefnisins og gefa grófa mynd af rekstri sveitarfélagsins næstu fjögur árin, en til grundvallar er lögð gildandi fjárhagsáætlun 2018-2021 og forsendur verðlagsbreytinga skv. hagspá.
Málinu vísað til næstu umræðu sem fram fer á næsta reglubundna fundi hreppsnefndar Ásahrepps. Fram að þeim tíma mun sveitarstjóri vinna áfram með verkefnið og stefnt verður að vinnufundi hreppsnefndar sem tímasettur verður þegar frekari grunnögn liggja fyrir.

5. Bréf Umhverfisstofnunar dags. 10. september 2018; tillaga að friðlýsingu svæðis í verndarflokki rammaáætlunar til kynningar Suðurland – vatnasvið Tungnaár: 24 Tungnaárlón og 25 Bjallavirkjun.

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar, dags. 10. september 2018, þar sem fram kemur tillaga að friðlýsingu svæðis í verndarflokki rammaáætlunar innan vatnasviðs Tungnaár. Undirbúningur að friðlýsingu svæðanna er í samræmi við málsmeðferð sem lýst er í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.
Lagt er til að verndarsvæði vegna Tungnaársvæðis sé vatnasvið ofan stíflumannvirkja fyrrum fyrirhugaðra Bjallavirkjunar og Tungnaárlóns og meginfarvegur Tungnaár þar fyrir neðan, 500 m til beggja handa frá miðlínu ár að efstu orkumannvirkjum, þ.e. að

Krókslóni. Mörk svæðisins fylgi jökuljaðri. Kort er meðfylgjandi tillöggunni sem sýnir afmörkun svæðisins.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 14. desember 2018.

Hreppsnefnd Ásahrepps frestar málinu til næsta reglubundna fundar.

6. Innsend bréf og erindi:

- 6.1. Tölvuskeyti Rúnars Guðmundssonar, skipulags- og byggingarfulltrúa, dags. 1. október 2018; ósk um heimild til að undirrita skipulagsuppdrætti.
Lagt fram tölvuskeyti skipulags- og byggingarfulltrúa þar sem hann óskar eftir heimild frá Ásahreppi til að undirrita fyrir hönd hreppsins uppdrætti vegna gildistöku gagnvart Skipulagsstofnun. Um er að ræða:
Uppdrætti vegna gildistöku Aðalskipulagsbreytinga, uppdrætti vegna gildistöku nýrra deiliskipulaga og uppdrætti vegna gildistöku breytinga á gildandi deiliskipulagstillögum.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita Rúnari Guðmundssyni, skipulags- og byggingarfulltrúa Ásahrepps heimild til að undirrita fyrir hönd Ásahrepps umrædda uppdrætti.
- 6.2. Tölvuskeyti skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra, dags. 19. september 2018; endurskoðun aðalskipulags Rangárþings ytra, auglýsing.
Lagt fram tölvuskeyti skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra þar sem auglýst er tillaga að aðalskipulagi Rangárþing ytra skv. 31. gr. laga nr. 123/2010. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að óska eftir umsögn skipulags- og byggingarfulltrúa Ásahrepps við fyrsta tækifæri. Nauðsynlegt er að flýta þessari vinnu eins og kostur er, þar sem frestur til að skila inn athugasemdum er til 7. nóvember 2018.
- 6.3. Tölvuskeyti Huldu Brynjólfsdóttur, dags. 20. september 2018; umsókn um styrk fyrir hönd Sauðfjárdagsins á Hvolsvelli.
Lagt fram tölvuskeyti Huldu Brynjólfsdóttur, f.h. Sauðfjárdagsins á Hvolsvelli, þar sem óskað er eftir fjárstyrk að upphæð kr. 50.000, líkt og undanfarin ár, til að standa straum af kostnaði viðburðarins.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk enda rúmast hann innan fjárheimilda fjárhagsáætlunar 2018.
- 6.4. Tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 2. október 2018; áskrift að Sveitarstjórnarmálum.
Lagt fram tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem er verið að bjóða fulltrúum í sveitarstjórnnum og starfsmanna þeirra áskrift af blaðinu. Áskrift fyrir einn aðila er kr. 4.000 á ári.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að óska eftir áskrift á einu eintaki fyrir skrifstofu hreppsins.
- 6.5. Bréf Æskulýðsnefndar kirkna í Rangárvallasýslu, dags. 13. september 2018; beiðni um fjárstyrk.
Lagt fram bréf æskulýðsnefndar kirkna í Rangárvallasýslu þar sem óskað er eftir fjárstyrk að upphæð kr. 20.000 vegna starfs nefndarinnar sem m.a. felst í mótshaldi að hausti með væntanlegum fermingarbörnum.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk enda rúmast hann innan fjárheimilda fjárhagsáætlunar 2018.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including names like 'Aly' and 'EIT'.


- 6.6. Tölvuskeyti Vímulausrar æsku, dags. 19. september 2018; styrkbeiðni.
Lagt fram tölvuskeyti Vímulausrar æsku þar sem óskað er eftir fjárstyrk í formi auglýsingar á vefmiðlum dagblaða. Erindinu hafnað.
- 6.7. Tölvuskeyti Landssambands lögreglumanna, dags. 24. september 2018; styrkbeiðni.
Lagt fram tölvuskeyti Landsambands lögreglumanna þar sem óskað er eftir styrktarkveðju í tímaritinu „Lögreglumaðurinn“. Þar sem blaðið er þegar komið út er erindinu hafnað.
- 6.8. Tölvuskeyti Jóels Sæmundssonar, dags. 7. september 2018; styrkbeiðni.
Lagt fram tölvuskeyti Jóels Sæmundssonar þar sem óskað er eftir fjárstyrk að upphæð kr. 150.000 – 225.000 til að styðja við verkefni sem lýtur að því að koma leiklistinni til landsbyggðarinnar. Erindinu hafnað.
- 6.9. Endurskoðun deiliskipulags á gömlum grunni úr landi Hellatúns, með tilvísun í bókun hreppsnefndar á 6. fundi, dagskrárliður 1.1 – mál nr. 2.
Ágústa Guðmarsdóttir vék af fundi undir þessum dagskrárlið.
Lagt fram tölvuskeyti Eflu um kostnað og verklýsingu þess að endurskoða gamalt deiliskipulag á spildum úr landi Hellatúns, sem fékk ekki formlega gildistöku á sínum tíma. Kostnaður við verkið er áætlað kr. 300.000 – 350.000 með VSK. Hreppsnefnd Ásahrepps felur sveitarstjóra að semja við Eflu um verkefnið og vísar því síðan til formlegrar vinnslu og afgreiðslu til UTU.

7. Bréf og erindi til kynningar:

- 7.1. Bréf Íbúðalánasjóðs, dags. 11. september 2018; tilraunaverkefni um uppbyggingu í húsnæðismálum.
- 7.2. Upplýsingar um kostnað við áburðarkaup og dreifingu á Holtamannafrétti, skv. bókun á 6. fundi hreppsnefndar, dagskrárliður 8.4.
Bókun fulltrúa E-lista vegna fullyrðinga sveitarstjóra á síðasta fundi um að viðmiðunarfjárhæðir reglna um innkaup væru fallin úr gildi. Skv. lögfræðialiti frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga segir: Innkaupalögin taka að fullu gildi gagnvart sveitarfélögum í maí á næsta ári. Sveitarfélögin eru mörg að huga að endurskoðun innkaupareglna en lögin munu alls ekki útiloka að sveitarfélögin setji slíkar reglur þótt þau verði bundin af viðmiðunarfjárhæðum laganna.
- 7.3. Bréf Félagsráðgjafafélags Íslands, dags. 7. september 2018; áhrif breytinga á lögum nr. 40/1991.
- 7.4. Boð ungmennaráðs Grindavíkur á málþing um umferðaröryggi sem fram fer dagana 8. og 9. nóvember 2018.
- 7.5. Tölvuskeyti Bókasafnsins á Laugalandi, dags. 13. september 2018; þakkir vegna bókindargjafar.

8. Fastur fundartími hreppsnefndar.

Komið hefur í ljós að fastur fundartími hreppsnefndar Ásahrepps og skipulagsnefndar UTU ber upp á sama dag. Því fylgir ákveðið óhagræði og dráttur á afgreiðslum hreppsnefndar á fundargerðum skipulagsnefndar. Ekki hefur reynst unnt að breyta fundartíma skipulagsnefndar þar sem um er að ræða samstarfsverkefni 6 sveitarfélaga.

EHT


Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fastur fundartími hreppsnefndar verði þriðji (3) miðvikudagur í hverjum mánuði klukkan 8:30. Næsti fundur hreppsnefndar verður því þann 21. nóvember n.k.

9. Ákvörðun um íbúafund.

Umræða varð hjá hreppsnefnd um íbúafund. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að stefna að íbúafundi 10. nóvember n.k. Sveitarstjóra falið að panta fundaraðstöðu og auglýsingu á heimasíðu hreppsins.

10. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2018.

Á síðasta fundi var samþykktur kostnaður vegna samninga við Dattaca Labs og One Systems. Einnig var samþykkt í vor og staðfest á síðasta fundi að Ásahreppur myndi kaupa íbúð í Giljatanga númer 7, Laugalandi.

Nú hafa þessir kostnaðarliðir verið settir upp formlega sem annar viðauki við fjárhagsáætlun 2018, þ.e. viðauki 2.


Fjárhæðir viðauka 2 valda því að rekstrarliðurinn „Sameiginlegur kostnaður“ hækkar um sem nemur kr. 1.363.000. Lántaka verður vegna yfirtöku láns leiguíbúða við kaup á eigninni Giljatangi 7, Laugalandi, að upphæð kr. 30.311.000.


Rekstrarniðurstaða áætlunar 2018 lækkar um sem nemur kr. 1.363.000 með viðaukum, þannig að rekstrarniðurstaða ársins 2018 er áætluð kr. 5.768.000. Fjárfesting ársins 2018 hækkar sem nemur kr. 31.500.000. Auknum útgjöldum verður mætt með lækkun á handbæru fé og yfirtöku á láni.


Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagt yfirlit yfir viðauka 2 og felur sveitarstjóra að koma þessum upplýsingum til ráðuneytis í samstarfi við KPMG.


Fundargerð yfirlésin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:15.



Ásta B. Ólafsdóttir


Guðmundur Gíslason


Brynja J. Jónasdóttir


Eydís Hrónn Tómasdóttir


Agústa Guðmarsdóttir


Valtýr Valtýsson